

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

770. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, aukið byggðarráð, haldinn fimmtudaginn 15. nóvember 2012 kl. 11:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Niðurstöður starfshóps um framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestra.

Afgreiðslur:

1. Eydís Aðalbjörnsdóttir, fræðslu- og félagsmálastjóri, Guðrún Lára Magnúsdóttir, leikskólastjóri og Sigurður Þór Ágústsson, skólastjóri eru mætt til viðræðna við byggðarráð. Þau voru skipuð í starfshóp til að fjalla um framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestra. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum til byggðarráðs á fundi þess þann 29. október sl. Farið var yfir einstök atriði skýrslunnar og svöruðu fulltrúar stafshópsins fjölmörgum fyrirspurnum frá byggðarráðsfulltrúum. Byggðarráð samþykkir að niðurstöður starfshópsins séu grundvöllur til frekari umræðu um framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestara og felur starfshópnum að kynna fræðsluráði niðurstöðurnar. Í framhaldinu munu niðurstöðurnar verða kynntar starfsfólki skólanna, nemendum, foreldrum og íbúum sveitarfélagsins.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 13:50

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Leó Örn Þorleifsson.

Þorbjörg Ásbjarnardóttir.

Ragnar S. Helgason.

Elín Jóna Rósinberg.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Sigurður Kjartansson.